

## M-69/2016 Álit 26. október 2016

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-69/2016:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa, en í málinu beinir álitsbeiðandi kröfum sínum að Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 1. september sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna Porsche bifreiðar í þinni eigu. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

- 1) Afrit af kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni.
- 2) Skýringu á því á hvaða grundvelli þú gerir kröfu á Y, en það félag mun, skv. álitsbeiðni, ekki hafa flutt inn bifreiðina og selt hana upphaflega. Eigi Y að bera ábyrgð á bilunum í bifreiðinni, á öðrum grundvelli en sem upphaflegur seljandi, t.a.m. á grundvelli verksmiðjuábyrgðar, þá sem umboðsmaður framleiðanda héraendis, þarf að leggja fram gögn því til stuðnings.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 11. september n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Svar barst við framangreindu bréfi hinn 12. september. Svarinu fylgdi hvorki afrit af kaupsamningi og afsali líkt og óskað var eftir, né nokkur gögn til að styðja kröfur álitsbeiðanda á hendur gagnaðila í málinu og óskað var eftir.

Kæruneftndin telur því að þau gögn sem álitsbeiðandi sendi kæruneftndinni fullnægi ekki þeim kröfum sem gerðar eru skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 12. september sl.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson